


**Langá á Mýrum  
Rannsóknir 1998**

**Sigurður Már Einarsson**

**Borgarnesi, apríl VMST-V/99007**



**VEIÐIMÁLASTOFNUN  
Vesturlandsdeild**

**Langá á Mýrum  
Rannsóknir 1998**

**Sigurður Már Einarsson**

**Borgarnesi, apríl VMST-V/99007**

**Unnið fyrir Veiðifélag Langár**

## **Efnisyfirlit**

	Bls
Inngangur	1
Framkvæmdir	1
Niðurstöður og umræður	1
Laxveiði	1
Seiðabúskapur	2
Heimildaskrá	4

## Inngangur

Skýrsla þessi er árlegt yfirlit yfir framvindu rannsókna í Langá á Mýrum. Sambærilegar rannsóknir hafa staðið yfir með hléum allt frá árinu 1975 (Árni Ísaksson 1985, Sigurður Már Einarsson 1988, 1989, 1990, 1994, 1998). Rannsóknirnar hafa sem fyrr það meginmarkmið að vakta seiðabúskap árinnar m.t.t. útbreiðslu tegunda, þéttleika þeirra og vöxt. Einnig hefur verið náið fylgst með stækkun búsvæða sem fylgt hefur byggingu fiskvega, en í Langá hafa verið byggðir 5 fiskvegir fram hjá gönguhindrunum og er áin nú fiskgeng frá ósi upp að Langavatni.

Í þessari skýrslu er leitast við að skýra niðurstöður rannsókna á seiðabúskap á árinu 1998 samanborið við fyrri ár og fjalla um þróun laxveiðinnar í Langá. Árinu 1999 er áætlað að gera samantekt á öllum rannsóknum í langá allt frá árinu 1975.

## Framkvæmdir

Framkvæmd rannsókna á seiðabúskap hefur verið með líku sniði á milli ára til þess að allur samanburður verði sem raunhæfastur. Dagana 19 – 21. ágúst 1998 voru rafveiddar 13 stöðvar í Langá. Þar af var ein stöð á efsta svæðinu við Sandvatn, ein stöð í ármótunum ofan útfalls Gljúfurár, þrjár stöðvar milli Tófufoss og Sveðjufoss og átta stöðvar frá Sveðjufossi að árósi. Á hverri stöð var mælt botnflatarmálið, allur afli lengdarmældur og hluti aflans vigtaður. Einnig voru sýni tekin af kvörnum og hreistri til aldursákvarðana. Við úrvinnslu gagna var vísitala seiðaþéttleika reiknuð sem fjöldi seiða er veiddist í einni rafveiðiumferð á hverja  $100\text{ m}^2$ . Meðallengdir seiða í hverjum aldurshóp voru reiknaðar fyrir alla veiðistaði.

## Niðurstöður og umræður

### *Laxveiði*

Árið 1998 veiddust 1560 laxar á stöng í Langá. Af þessum fjölda var smálax eða lax sem dvalið hefur eitt ár í sjó alls 1430 en stórlax (tvö ár í sjó) alls 130. Meðalþyngd smálaxa var 4,8 pd, en stórlaxa 9,2 pd. Enginn urriði var bókaður í stangveiðinni 1998 og einungis ein bleikja. Nokkuð bar á því að veiðimenn slepptu aftur veiddum laxi og eru alls skráðir 245 slíkir eða 15,7 % bókaðra laxa.

Sem fyrr ber smálax upp Langárveiðina, en árin 1974 – 1997 reyndist smálax að jafnaði 88,1% af veiði hvers árgangs sjóögunguseiða, en stórlaxinn einungis 11,9 % (Sigurður Már Einarsson 1998). Á Vesturlandi er einkennir hátt smálaxahlutfall veiðina í laxveiðíánum, þótt hlutfallið sé nokkuð breytilegt. Þessa þróun má tengja náttúruvali, þannig að meiri möguleikar virðast vera á að erfðaefni smálaxa skili sér í fleiri afkomendum, en gerist hjá stórlaxi. Á Norðurlandi og Austurlandi er hins vegar miklu hærra hlutfall stórlaxa, en þar virðist það vera hagstæðara fyrir laxastofnana að skila sér í árnar sem stórlax. Sú þróun hefur auk þess einnig átt sér stað síðustu áratugi að hlutfall stórlaxa fer minnkandi í stofnum Atlantshafslaxins.

Laxveiðin í Langá árið 1998 er með betri veiðíarum í Langá og hefur veiðin ekki verið betri síðan árið 1986 (1. mynd). Helstu skýringar á þessari þróun eru þær, að seiðabúskapur árinnar hefur verið hagstæður undanfarin ár og búsvæði árinnar hafa stækkað með gerð fiskvega og eru ný búsvæði þegar farin að skila aukinni framleiðslu. Auk þess hjálpa einnig til uppkauptsjávarneta að Þursstöðum, Rauðanesi og Lambastöðum, en Langárlax hefur næsta örugglega verið veiddur þar í verulegum mæli. Þá er hugsanlegt að laxar sem sleppt var aftur hafi endurveiðst og haft á þann hátt jákvæð áhrif á veiðina. Sérstaklega er hér mælt með því að veiðimenn sleppi aftur löxum er veiðast á svæðinu frá Tófufossi að Langárvatni til að hraða landnámi laxins á þessum svæðum.

### *Seiðabúskapur*

Árið 1997 fannst í fyrsta sinn náttúrulegt laxaklak ofan við Heiðarfoss í Langá og enn fremur fannst klak ofan við Hraunfoss skömmu ofar. Þessar niðurstöður sýndu að lax virðist farinn að nýta efsta svæðið í Langá til hrygningar og seiðauppeldis. Haustið 1998 var veitt á þessu svæði neðan Sandvatns (tafla 1). Ekkert klak fannst frá árinu 1998, en hins vegar eldri seiði frá 1997 og 1996. Margt bendir til að árið 1996 hafi laxinn fyrst komist upp á þetta svæði, og er líklegt að umbætur á gönguhindrun ofan við Tófufoss hafi leitt til þess að aukinn laxaföldi hafi komist upp á svæðið og þannig greitt fyrir landnámi laxins. Áfram þarf að fylgjast með þessu svæði og sumarið 1999 er áformað að gera úttekt á búsvæðum til að leggja mat á gæði þessara svæða til hrygningar og seiðauppeldis.

**Tafla 1.** Vísitala þéttleika (fjöldi í einni umferð á 100 m<sup>2</sup>) laxfiskaseiða í Langá á Mýrum 19 – 21. ágúst 1998.

Veiðistaður	Svæði m <sup>2</sup>	Þéttleiki seiða (Fj./100 m <sup>2</sup> )						
		Lax				Urriði	Alls	Bleikja
		0+	1+	2+	3+			
F.n. Sandvatn (1)	200	0,0	16,5	2,5	0	19,0	0	4,5
Ármót (3)	440	5,9	5,5	5,0	0	16,4	0,4	1,5
Hornbreiða (4)	444	16,0	19,1	6,8	0,5	42,4	0	0
Kampari (5)	153	24,8	12,4	3,9	0,7	41,8	0	0
Skriðufljót (6)	220	21,8	21,8	16,4	0,9	60,9	0	0
Meðaltal (4 – 6)		20,9	17,8	9,0	0,7	48,4	0,0	0,0
Neðra vað (7)	377	7,7	19,9	12,5	0,3	40,4	0,0	0,2
Bræðrasel (8)	324	6,8	7,4	5,6	0,0	19,8	0,0	0,0
Stangarholt (9)	224	3,1	19,6	4,9	0,0	27,6	0,0	0,0
Byrgislaut (10)	300	0,5	29,3	28,3	0,5	58,6	0,0	0,0
Jarlangsta.kv (11)	360	17,2	3,9	0,0	0,0	21,1	0,0	0,0
Glanni (12)	280	10,2	14,2	5,7	2,8	32,9	0,0	0,0
Kattarfoss (13)	198	4,1	4,1	1,8	0,6	10,6	0,0	0,0
Meðaltal (5 – 13)		7,1	14,1	8,4	0,6	30,2	0,0	0,0

Í ármótunum hefur verið rafveitt um árabil. Þar er nú árviss hrygning laxa og þéttleiki laxaseiða er að aukast þar verulega (tafla 1). Þannig þrefaldaðist þéttleiki laxaseiða á þessu svæði frá árinu 1997 (tafla 1). Landnám laxins er því að aukast ár frá ári og svæðið því í heild að skila aukinni framleiðslu.

Á fjallinu frá Sveðjufossi að Tófufossi var að venju veitt á þremur stöðum (tafla 1). Heildarþéttleiki laxaseiða var að meðaltali 48,4 seiði/100 m<sup>2</sup> og er þetta mesti þéttleiki seiða sem mælst hefur á þessu svæði frá árinu 1994. Yngstu árgangarnir eru sérstaklega öflugir og var þéttleiki vorgamalla seiða sá mesti sem mælst hefur frá upphafi mælinga.

Á svæðinu neðan Sveðjufoss var heildarþéttleiki laxaseiða að meðaltali 30,2 seiði/100 m<sup>2</sup>. Þéttleiki laxaseiðanna jókst verulega frá árinu 1997 og er þetta mesti mældi þéttleiki á þessu svæði frá árinu 1994. Á sama hátt og ofar í ánni hefur aldrei mælst meiri fjöldi vorgamalla seiða og fjöldi seiða á öðru ári er einnig mjög mikill.

Í heildina er því seiðaástand með besta móti í Langá. Þetta á sérstaklega við um yngstu árgangana frá 1999 og 1998. Ennfremur er mjög jákvæð þróun á efsta svæði árinnar þar sem landnám lax gengur nú að óskum.

Laxaseiðin efst í Langá eru mun stærri en jafnaldra seiði neðar í Langá (tafla 2). Þessa þróun má tengja landnámsáhrifum, því búsvæðin eru ekki fullnumin og því mikil fæða til staðar. Þetta svæði nýtur væntanlega einnig útfallaáhrifa frá Langavatni, en útfallasvæði í ám neðan stöðuvatna eru almennt frjósamari en önnur svæði vegna fæðu fyrir skordýr er rekur úr vötnum í árnar fyrir neðan.

Tafla 2: Vöxtur laxaseiða eftir veiðistöðum í Langá 19 – 21 ágúst 1997. (Ml = meðallengd cm, n = fjöldi)

Stöð	0+		1+		2+		3+		4+	
	Ml	n	Ml	n	Ml	n	Ml	n	Ml	n
1			6,8	33	10,4	5				
3	4,1	26	6,3	24	9,8	22				
4	3,6	71	5,7	85	8,7	30	10,8	2		
5	3,5	48	5,5	49	8,1	36	10,8	2		
6	3,6	29	5,3	75	7,6	47	9,1	1		
7	3,8	22	5,4	24	7,2	18				
8	3,2	7	5,7	44	7,4	11				
9	3,8	1	5,7	54	7,9	52	10,2	1		
10	3,8	31	5,5	7						
11	3,7	17	5,5	25	7,7	10	10,0	5		
12	3,7	7	6,0	7	7,4	3	9,5	1		
13			5,8	12	8,0	4	11,7	1		

## Heimildaskrá


Árni Ísaksson 1985. Rannsóknir á seiðaframleiðslu Langár á Mýrum 1975 – 1984. Veiðimálastofnun. Skýrsla.

Sigurður Már Einarsson 1988. Rannsóknir á seiðaframleiðslu Langár á Mýrum 1986 – 1987. Veiðimálastofnun. VMST-V/8800. 13 bls.

Sigurður Már Einarsson 1989. Langá á Mýrum. Fiskirannsóknir 1988. Veiðimálastofnun. VMST-V/89017X.

Sigurður Már Einarsson 1990. Laxastofn Langár á Mýrum. Fiskirannsóknir 1989. Veiðimálastofnun. VMST-V/90007X.

Sigurður Már Einarsson 1994. Seiðaframleiðsla Langár á Mýrum árin 1992 – 1993. Veiðimálastofnun. VMST-V/94004X.



1. mynd: Laxveiði í Langá á Mýrum 1974 – 1998.